

4. fundur skólaráðs Foldaskóla skólaárið 2020-2021 haldinn föstud. 16. ap. '21 kl. 8:20 (fjarfundur)

Mætt voru: Krístrún Guðjónsdóttir skólastjóri, Karen Björk Guðjónsdóttir fulltrúi kennara, Tinna Arnardóttir fulltrúi kennara, Sigrún Helga Jónsdóttir fulltrúi starfsfólks, Sverrir Óskar Elefsen fulltrúi foreldra, Elín Heiður Gunnarsdóttir fulltrúi foreldra, Vigfús Helgason fulltrúi nemenda og Auður Árnadóttir fulltrúi nemenda.

Fundur var settur af skólastjóra og gengið til dagskrár.

Dagskrá

- Skóladagatal, kynning, umræða – umsögn skólaráðs
- Undirbúningur að skipulagi næsta skólaárs
- Rekstrar- og fjárhagsáætlun skólaárs
- Niðurstöður samræmdra könnunarprófa í 9. bekk – frestað vegna tækniörðugleika
- Önnur mál

Skólastarf á Covid tímum

Skólastarf sem verið hefur síbreytilegt undanfarið ár hefur verið nánast hefðbundið frá páskaleyfi. Nú er heimilt að hafa sund og íþróttir í íþróttamiðstöðinni Dalhúsum aftur. Starfsfólk notar grímur ef það nær ekki að halda meters fjarlægð, bæði gagnvart öðru starfsfólki og nemendum. Borð eru merkt bekkjum/árgöngum í matsal og á göngum og lagt er upp með sótthreinsun svæða milli nemendahópa og í lok dags.

Skóladagatal, kynning, umræða – umsögn skólaráðs

Skólastjóri kynnti skóladagatal næsta skólaárs. Nemendadagar eru 180, fimm undirbúningsdagar eru að hausti og þrjú frágangsdagar að vori. Starfsdagar á skólatíma eru fimm og eru þrjú af þeim sameiginlegir með leikskóla og frístund í hverfinu. Skertir dagar eru þegar skólasetning og skólaslit eru og auk þess á skreytingadegi, litlu jólunum, öskudegi, vordegi og samráðsdegi. Þemadagar eru uppbrotsdagar. Samræmd próf verða í 7. bekk í september, í 4. bekk í október og í 9. bekk í mars.

Í umræðu kom fram athugasemd frá foreldri um að það gæti verið hentugra að vetrarleyfis dagar væru í sömu viku en ekki síthvoru megin við helgi. Þá gæti frí nemenda lengst ef starfsdagur væri settur í sömu viku. Ábending kom frá kennurum um að ef starfsdagur yrði settur inn í tengslum við vetrarleyfi væri gott að hann væri strax á eftir, það myndi nýtast betur í starfi.

Skóladagatal hefur verið lagt fyrir skólaráð og samþykkt.

Undirbúningur að skipulagi næsta skólaárs

Kynnt voru verkefni sem verið er að sækja um styrki fyrir, bæði innan skólans og eins í samstarfi við hverfið. Sagt var frá að byrjað væri að auglýsa stöður fyrir næsta skólaár og að verið væri að leggja lokahönd á námsval og skoða fyrirkomulag kynninga og móttökufunda í vor vegna verðandi nemenda í 1. og 8. bekk.

Rekstrar- og fjárhagsáætlun skólaárs

Í máli skólastjóra koma fram að skólinn sé aðeins undir í rekstrarniðurstöðu. Stoðþjónusta fer yfir áætlaða úthlutun auk þess sem bekkjarstærðir eru óhagstæðar. Ný húsgögn eru komin í 1.-3. bekk en skólinn fékk úthlutun fyrir 98 stólum og borðum fyrir nemendur.

Niðurstöður samræmdra könnunarprófa í 9. bekk

Prófunum var frestað þegar átti að taka þau í mars en lögð fyrir í vikunni og því ekki komnar niðurstöður.

Á næstunni

Framundan er Barnamenningarhátíð og munu verkefni unnin af nemendum okkar á miðstigi vera til sýnis í Spönginni, Hafnarhúsinu og á Kjarvalsstöðum. Um er að ræða afrakstur frá þemadögum skólans. Í framhaldi af þeirri vinnu tók miðstigið, í samstarfi við LÁN, þátt í keppninni Varðliðar umhverfisins 2021 og vann til verðlauna fyrir verkefnið Sjálfbærni – náttúra – sköpun. Menntastefnumót verður haldið á starfsdegi 10. maí. Þá verður uppskeruhátíð fyrir allt skólafólk í Reykjavík vegna vinnu að innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Á döfinni er að fara með nemendur í 7. bekk í skólabúðirnar að Reykjum í Hrutafirði 25.-28. maí. Það ræðst þó af aðstæðum í samfélaginu á þeim tíma.

Önnur mál

Skólastjóri varpar fram spurningu til foreldra um hver umræða sé um skólamál í tengslum við covid. Fram kom að stúlknaðopi líði almennt ekki nægilega vel og að ástandið í samfélaginu hafi án efa þar áhrif. Þær finni fyrir félagslegri einangrun og að samskipti í hópnum séu neikvæðari en áður. Þá var rætt um skipulag í matsal og biðraðir. Nemendur telja að allt starf í kringum matartímann gangi mjög vel þegar kemur að unglिंगastigi og yfirleitt standist tímasetningar.

Fyrirspurn kom frá foreldri um árshátíð unglinga, hvort það standi til að reyna að halda hana. Því var svarað að það gangi ekki miðað við núgildandi reglugerð. Hinsvegar ef verði breytingar á takmörkunum eftir 5. maí þá verði allt gert til að reyna að setja hana inn. Það sama gildir um útskrift og íþróttahátíð, sem ekki er hægt að skipuleggja fyrr en samkomutakmörkunum verður breytt. Allir sammála um mikilvægi þess að skólastarf haldi sinni rúttinu eins og hægt er á meðan á covid stendur.

Næsti fundur í skólaráði er áætlaður föstudaginn 28. maí.

Fundi slitið kl. 09:15.

Elín Heiður Gunnarsdóttir